

Mannauðsstjóri hjá Arctic Fish á Vestfjörðum

Arctic Fish leitar að mannauðsstjóra.

Viðkomandi mun heyra undir forstjóra fyrirtækisins.

Helstu verkefni

- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur með það að markmiði að auka gæði mannauðsmála félagsins
- Ábyrgð og umsjón með ráðningum, móttöku nýrra starfsmanna og fræðslumálum
- Ábyrgð, framkvæmd og eftirfylgni með umbótaverkefnum í mannauðsmálum
- Ábyrgð á innleiðingu á stefnum og verkferlum félagsins í mannauðsmálum
- Framkvæmd og eftirfylgni vinnustaðagreininga
- Ábyrgð á innri markaðsmálum og upplýsingagjöf
- Ábyrgð á verkefnum sem stuðla að jákvæðum starfsanda og góðri vinnustaðamenningu
- Umsjón með málefnum tengdum starfsumhverfi, aðbúnaði, öryggi, heilsu og vinnuvernd

Um fullt starf er að ræða. Gera þarf ráð fyrir ferðalögum innan Vestfjarða vegna vinnu.

Arctic Fish er með starfsstöðvar á Tálknafirði, Vesturbyggð, í Bolungarvík og Ísafjarðarbæ.

Leitað er að einstaklingi með eftirfarandi hæfni:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla á sviði stjórnunar og/eða mannauðsmála er kostur
- Frumkvæði og metnaður til að skila góðu starfi
- Góð tölvukunnátta og skipulagshæfni
- Stundvísi, áreiðanleiki og áhugi á verkefninu
- Framúrskarandi samskiptahæfni, frumkvæði og rík þjónustulund

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsóknir skulu berast í tölvupósti til Elísabetar Samúelsdóttur, es@afish.is. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf. Nánari upplýsingar veita Elísabet Samúelsdóttir s. 866 1334 og Daníel Jakobsson s. 820 6827.

Umsóknarfrestur er til og með 5. október 2022.

Arctic Fish framleiðir hágæða lax í seiðaeldisstöð í Tálknafirði og sjókvíum á Vestfjörðum. Markmiðið er að halda úfram að fjárfesta og byggja upp sjálfbæran og arðbæran rekstur, þar sem að eldið er í sátt við samfélagið og umhverfið. Arctic Fish telur að lykfillinn að velgengi fyrirtækisins muni byggja á öflugri starfsfólki sem leggur metnað sinn í að bjóða besta mögulega lax frá Íslandi.

Arctic Fish samanstendur af Arctic Fish, Arctic Sea Farm, Arctic Smolt og Arctic Odda. Arctic Fish sér um eftirlit og stjórnun fyrirtækjanna. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Ísafirði.



info@arcticfish.is || www.arcticfish.is